

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
**og**  
**Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**  
**gera með sér eftirfarandi**  
**samkomulag**

Samkomulag þetta er gert á grundvelli ákvæða greinar 1.2 í gildandi samkomulagi aðila um hlutastarfandi sjúkraflutningamenn frá 8. desember 2011. Samkomulag þetta gildir frá 1. desember 2011 sbr. ákvæði gr. 1.2 og verður hluti gildandi samkomulags frá 8. desember 2011 sem gildir til 31. janúar 2014 skv. breytingu sem gerð var á gildistíma kjarasamninga í ársbyrjun 2013.

Aðilar eru sammála um að kaflar 1 og 2 taki breytingum og verði verði svohljóðandi:

## **1. Föst þóknun**

---

- 1.1 Fyrir þá kvöð sem hvílir á sjúkraflutningamönnum að þurfa ávallt að vera viðbúnir að sinna verkefnum, skulu þeir fá sérstaka þóknun er greiðist eftir á með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.
- 1.2 Þóknunin greiðist mánaðarlega alla mánuði ársins án orlofs og reiknast fyrir hvern mann sem ráðinn er til fullrar bakvaktar með orlofstöku. Fyrir hluta tímans eða hluta bakvaktar greiðist hlutfallslega

Þóknun þessi skal vera full mánaðarlaunum skv. samningi fjármálaráðherra og LSS frá 8. desember 2011. Miða skal við þá launatöflu sem gildir frá 1. desember 2011 í kjarasamningi fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi og taka þessi viðmið hliðstæðum breytingum. Þóknunin skal vera skv. eftirfarandi.

Röðun starfa frá 1. desember 2011

Lfl.

Sjúkraflutningamaður með réttindi til að hefja nám .....	5
Sjúkraflutningamaður með grunnréttindi (EMT-B) .....	6
Sjúkraflutningamaður með framhaldsréttindi (LTS+Beinmergsnál+BTLS) .....	9
Sjúkraflutningamaður með neyðarbílsréttindi (EMT-I) .....	11
Sjúkraflutningamaður með bráðatæknanám .....	15

- 1.3 Hafi sjúkraflutningamaður verið 5 ár við sjúkraflutninga að meira eða minna leyti greiðast laun skv. 1. þepi. Eftir 10 ár greiðast laun skv. 2. þepi og eftir 15 ár greiðast laun skv. 3. þepi.


## **2. Greiðslur fyrir útköll**

---

- 2.1 Fyrir hvert útkall skal greitt að lágmarki 4 klst. skv. yfirvinnukaupi. Greitt skal skv. yfirvinnukaupi í launaflokki viðkomandi starfsmanns.

Reykjavík, 7. júní 2013

F.h. fjármálaráðherra



f.h. Landssambands slökkviliðs-  
og sjúkraflutningamanna

